

Þingeyri 20. júlí 2018

Efni: Grendarkynning um vegna lóðar fyrir utan Vallargötu 33.

Undirritaður Þórir Örn Guðmundsson leyfi mér að gera nokkrar athugasemdir við fyrirhugaða lóð til byggingar einbýlishúss fyrir utan Vallargötu 33.

Vil í upphafi taka það fram að ég er ekki á móti að skipulögð verði lóð við Vallargötu sem tekur mið af hæðarlínunum og fellur að hönnun Vallargötu. Eins er ég heldur ekki mótfallin því að skipulag verði gert fyrir lóðir fyrir utan húsgrunn við Aðalstræti 50 sem standa þá við Aðalstræti.

Atriðin sem ég geri athugasemdir við eru eftirfarandi:

1. Samkvæmt uppdrætti sem barst með erindinu er óvíst hvaðan aðkoman er að lóðinni þ.e.a.s. ekki ljóst hvort húsið á að standa við Vallargötu eða Aðalstræti. Af sama uppdrætti má jafnvel ráða að akvegur verði gerður frá Vallargötu og upp á Aðalstræti. Því er ég mótfallin tel að aðkeyrsla að lóð eigi að vera frá þeirri götu sem hún stendur við.
2. Umrætt svæði er fast við útivistarsvæði Þingeyringa og í næsta nágreni við tjaldsvæðið. Stór hluti af útivistarsvæðinu er fjaran og fjörukamburinn og tel ég að nauðsynlegt sé að skipuleggja viðkomandi svæði í heild sinni. Jafnframt að mjög brýnt sé að óheftar gönguleiðir verði á sjávarkambinum og áfram upp á Aðalstræti/Svalvogaveg.
3. Að framansögðu tel ég að umrædd lóð þurfi að vera nær Vallargötu 33 og yrsta lóð við götuna. Með þeirri staðsetningu skerðast síður möguleikar á lóðum við Aðalstræti sem fyrr var á minnst og viðkomandi staðsetning jafnvel útilokar. Jafnframt tryggir það óheft aðgengi að og frá útivistarsvæði Þingeyringa.
4. Stór hluti af svæðinu er uppfylling ofan í gamla kartöflugarða og fram á fjöruna. Svæðið var notað fyrir efnisuppgröft sem kom upp úr götum og húsgrunnum á Þingeyri. Hætt var að aka efni þangað fyrir sameiningu Þingeyrarhrepps inni Ísafjarðarbæ. Frá þeim tíma hefur sjórinn rofið u.þ.b. 14 metra af fjörukambinum. Meðfylgjandi myndir eru teknar eftir síðasta stórstraumsflóð 15. júlí s.l. og sína vel hvernig sjórinn brýtur sífellt úr landfyllingunni. Á þeim stórstraumi var ládaður sjór og engin öldugangur. Taka verður tillit þessa landrofs þegar meðalstórstraumsfjara er ákvörðuð vegna skipulags og jafnvel að leita álits sérfræðings í rofi lands af völdum sjávar hjá Samgöngustofu áður en svæðið verður skipulagt.
5. Að framansögðu legg ég til að umrætt svæði sem afmarkast af: útivistar og hátíðarsvæði Þingeyringa, Vallargötu, Aðalstræti og Svalvogavegi á þrjá vegu á móti fjöruborði á fjórða, verði skipulagt í heil sinna og fest í aðalskipulagi.

Virðingarfyllst,

*Þórir Örn Guðmundsson*